

Erla Halls gerð að heiðursfélaga

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í lok febrúar var Erla Halls, fyrrum starfsmaður félagsins, gerð að heiðursfélaga FVSA. Hún er sú áttunda sem félagið heiðrar með þessum hætti. Aðrir heiðursfélagar eru þau Stefán Ágúst Kristjánsson, Ólafur Aðalsteinsson, Hafliði Guðmundsson, Ása Helgadóttir, Kolbeinn Helgason, Jóna Steinbergsdóttir og Páll H. Jónsson.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, sagði m.a. að það væri bæði ánægja og heiður að tilkynna að stjórn félagsins hefði ákveðið á fundi sínum þann 18. febrúar sl. að gera Erlu Halls að heiðursfélaga á þessum aðalfundi. „Erla gekk í félagið 30. desember árið 1955. Hún vann verslunarstörf hjá KEA og KRON til 1960. Árið 1965 hóf hún störf hjá Amaro og starfaði þar til í júní 1984 en þá var hún ráðin til skrifstofustarfa hjá FVSA, sem þá var með skrifstofu í Brekkugötu 4. Hún var trúnaðarmaður starfsfólks hjá Amaro í 8 ár.

Erla var kjörin í fulltrúaráð FVSA 1978 til 1981, en árið 1982 var hún kjörin í stjórn félagsins og átti þar sæti til ársins 2002, að einu ári undanskildu, þar af ritari í 14 ár. Erla gaf ekki kost á sér í stjórn frá 2002, en hefur ritað fundargerðir félagsins æ síðan sem starfsmaður. Hún hefur setið fjölmörg þing og fundi fyrir félagið, sat í útlutunarnefnd atvinnuleysisbóta í 8 ár og í nokkur ár í stjórn Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.

Á þessari upptalningu sést að Erla hefur verið valin



Erla Halls með heiðurskjalið.

til trúnaðarstarfa af samterðatölki sínu nær allan sinn starfsaldur. Hún hefur gengið í öll störf á skrifstofunni en fyrst og fremst séð um bókhaldið og túlkað kjarasamninga. Þeir sem þekkja Erlu vita hve mörgum góðum kostum hún er búin, hún er heiðarleg og dugleg, stálminnug en síðast en ekki síst er hún ákaflega hlý og góð manneskja. Hún lét af störfum fyrir félagið síðastliðið haust, en hefur komið til vinnu af og til undanfarið vegna forfalla annarra starfsmanna svo og vegna álags á skrifstofunni.

Á þessum tímamótum viljum við þakka henni fyrir langt, óeigingjarnt og farsælt starf fyrir okkur félagsmennina og sem táknrænan þakklætisvott vil ég fyrir hönd félagsins biðja þig Erla að taka við heiðurskjali sem staðfestir að frá og með þessum degi ert þú einn af heiðursfélögum okkar,” sagði Úlfhildur, er hún tilkynnti að Erla hefði verið gerð að heiðursfélaga FVSA.

- Viðtal við Erlu er á bls. 7.

Það stýttist í sumarfríið!

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Í boði verða tvær íbúðir í Reykjavík, tvö hús á Illugastöðum, glæsilegt orlofshús, Skógarsel, í Vagla-skógi, hús í Ölfusborgum og hús að Einarstöðum á Héraði.

Auk orlofshúsa býður félagið 100 orlofsstyrki og afslætti hjá Hótel Eddu, Fosshótelum, tveimur gistiheimilum í Reykjavík og á leigu íbúðar í Bolungarvík.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum, sem í boði eru í sumar, í opnu fréttabréfsins. Síðastliðið sumar fékk 139 félagsmaður úthlutað vikuvöl í orlofshúsi en hafna þurfti 37 umsækjendum.

Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað, sem umsækjendur þurfa að fylla út og senda til félagsins eigi síðar en 26. mars nk. Umsækjendur fá síðan sent skriflegt svar.

100 orlofsstyrkir í boði

Sumarið 2009 verður félagsmönnum boðið upp á 100 orlofsstyrki að upphæð kr. 15.000. Þetta er fjölgun um 50 styrki frá fyrra ári.

Í fyrra var í fyrsta sinn boðið upp á slíka orlofsstyrki og var því mjög vel tekið af félagsmönnum.

Félagsmenn þurfa að sækja um styrkinn á eyðublaðinu sem fylgir fréttabréfinu en þar er einnig hægt að sækja um orlofshús. Sækja má bæði um orlofshús og orlofsstyrk en aðeins öðru er úthlutað.



Aðalfundur FVSA

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri miðvikudaginn 25. febrúar sl. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar, Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins og Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur hjá ASÍ, fór yfir horfur í efnahags- og atvinnumálum og fór einnig yfir samkomulag frá því deginum áður um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaga ASÍ og SA.

Í árslok 2008 voru fullgildir félagsmenn 1.509; 576 karlar og 933 konur. Þar af eru 291 gjaldfrjálsir, en það eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

Um 10% félaga án vinnu eða í skertu starfshlutfalli

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, kynnti skýrslu stjórnar. Í máli hennar kom m.a. fram að um 10% virkra félagsmanna er ýmist alveg án atvinnu eða býr við skert starfshlutfall. „Okkar félagsmenn hafa ekki farið varhluta af erfiðu þjóðfélagsástandi og atvinnuleysi, en ástandið í samfélaginu bitnar af miklum þunga á okkar fólki, atvinnuleysi er mikið og þá hafa margir tekið á sig launa- og vinnutímaskerðingu á liðnum mánuðum. Þetta er mjög hátt hlutfall, um 10% og nánast allir sem við þetta búa eru á Akureyri, einungis þrír utan

bæjarins. Alveg frá því á liðnu hausti þegar efnahagskreppan skall á hafa vinnuveitendur samið við starfsfólk um vinnutímaskerðingu svo ekki þurfi að koma til uppsagna og fá þeir atvinnuleysisbætur á móti. Það er allt gott um það að segja, svo langt sem það nær, en mörg fjölmenn fyrirtæki hafa ekki getað staðið við að segja ekki upp fólki,“ sagði Úlfhildur.

Hún sagði jafnframt að það fólk sem er í vinnu sé margt hvert mjög óttaslegið um framtíðina og hræðist að missa vinnuna. Þá bjóði þessar kringumstæður sem nú eru ríkjandi upp á að starfsfólk láti ýmislegt yfir sig ganga sem ekki myndi viðgangast væri allt með felldu. Þannig hafi starfsfólki til að mynda víða fækkað, aðrir tekið á sig skert starfshlutfall en engu að síður er ætlast til að það fólk sem er í vinnu skili sínu og stundum gott betur. „Þetta þýðir bara að fólk vinnur undir miklu álagi, en vegna ótta við að vera sagt upp störfum lætur fólk það yfir sig ganga.“

Úlfhildur sagði að vitanlega voni menn að ástandið batni með hækkandi sól, en því miður spái t.d. hagfræðingar því að alvarlegt atvinnuleysi verði viðvarandi hér á landi næstu árin og þá fyrst og fremst í verslun og þjónustu. „Það er langt í frá að hægt sé að tala um bjarta tíma framundan, en ef eitthvað fer af stað í verklegum framkvæmdum hér á svæðinu hefur það í för með sér afleidd störf á okkar vettvangi, í verslun og þjónustu,“ sagði Úlfhildur m.a. á aðalfundi félagsins.

Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!



376 félagsmenn FVSA fengu styrk á árinu 2008 úr starfsmenntasjóði, alls að upphæð kr. 7.700.000 en það er um kr. 1.000.000 minna en það sem félagið innheimti í sjóðinn. Fyrir árið 2007 sótti FVSA í fyrsta sinn fjár-

magn í „stóra pottinn fyrir sunnan“ en þá fékk félagið um kr. 700.000 meira en það innheimti í hann.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tómstundanámskeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkenndum aðilum. Endurgreiðsla miðast við punktastöfnun félagsmanns, sem myndast vegna félagsgjalda.

Atvinnulausir fá hærri endurgreiðslu úr Starfsmenntasjóði, eða 75%.

Stjórn og fulltrúaráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Stjórnin er því óbreytt frá fyrra ári, en í henni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík; Eiður Stefánsson, Flugfélagi Íslands og Svavar Hannesson, Vörður tryggingar hf.

Í varastjórn eru Elísabet Hallgrímsdóttir, Capacent; Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðjunni Lónsbakka og Árni Þorvaldsson BYKO.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fóðursölunni-Bústólpa og Eiður Eiðsson, Kjarnafæði. Til vara var kjörin Sigríður Jónsdóttir, Slippnum Akureyri.

Sex breytingar á fulltrúaráði

12 aðalmenn og sex varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru kjörnir til eins árs á fundinum. Sex breytingar urðu á ráðinu, þrír komu inn nýir sem aðalmenn og þrír sem varamenn.

Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir	Höldur
Agnes Reykdal	BYKO
Heiðar K. Ólafsson	Samkaup/Nettó
Helga Eymundsdóttir	Blikkrás
Guðmundur Kristjánsson	Húsasmiðjan, Dalvík
Ómar Gylfason	Olís
Sigurlaug Hinriksdóttir	Samkaup, Byggðavegi
Erna Magnúsdóttir	BSO
Gíslína Benediktsdóttir	Brauðgerð Kr. Jónssonar
Guðjón R. Guðjónsson	Flugfélag Íslands
Helga Steingrimsdóttir	Úrval, Hrísalundi
Anna María Elíasdóttir	Þormóður Rammi, Ólafsfirði

Varamenn í fulltrúaráð

Signý Sigurðardóttir	Samkaup/Nettó
Baldur Ingi Karlsson	Ljósgrafinn ehf.
Þorsteinn Eiríksson	N1
Aníta Ósk Stefánsdóttir	Hagkaup
Elín Anna Guðmundsd.	VÍS
Iðunn Ósk Óskarsdóttir	Penninn/Eymundsson

Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir	FVSA
Guðríður Þorsteinsdóttir	Lyf & heilsa
Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir	Brauðgerð Kr. Jónssonar
Álfhildur Vilhjálmsdóttir	Vífilfell
Þórdís Bjarnadóttir	Höldur

Varamenn í stjórn sjúkrasjóðs

Lilja Jóhannsdóttir	Lyf & heilsa
Sigurbjörg Gunnólfsdóttir	Primex, Siglufirði
Kristín Þorgilsdóttir	FVSA



Stjórn FVSA 2009-2010, efri röð f.v.: Svavar Hannesson, Friðbjörg Jóhannsdóttir og Eiður Stefánsson. Neðri röð f.v.: Einar Hjartarson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Orlofsuppbót

Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi í maí.

Orlofsuppbót á árinu 2009 er kr. 19.000 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Orlofsuppbót vegna áunnins tíma

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á orlofsárinu skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum og á hana greiðist ekki orlof.

Orlofsauki

Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%. Eftir 5 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 26 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,11%. Eftir 10 ár í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 29 daga orlof og skulu orlofslaun vera 12,55%. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og 26 dagar í 27 daga. (Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til tóku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008).

Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir þriggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreindur.

Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga að vetri nema um annað hafi samist.



Ljósheimar 6, Reykjavík

(Tvær íbúðir)

Lýsing: Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, á sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel búíð eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja og lín á þau. Gistipláss er fyrir sex manns í hvorri íbúð.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.



Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Sívinsælar íbúðir, enda á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.

Skógarsel, Vaglaskógi

Lýsing: Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir tólf manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki og barnahús.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður



fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Lýsing: Tvö hús í sumarhúsabyggingdinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2004. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búíð eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir 6 manns í húsi nr. 2 en svefnpláss fyrir 10 manns í húsi nr. 19, sem er á tveimur hæðum. Svefnsofi er í stofu á efri hæð og gistipláss fyrir tvo á neðri hæð. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Árið 2006 var lokið við að leggja hitaveitu á svæðið og því var hægt að leggja vatnshitakerfi í húsin. Sólpallar voru stækkaðir og heitir pottar settir við húsin.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítill verslun.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.



Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Vetrarleiga: Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.



Einarsstaðir

Lýsing: Húsið, sem er nr. 19, skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll húsin. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Orlofsbyggðin Ölfusborgum

Lýsing: Í sumar verður eitt hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum í leiguskiptum við VR. Vel búið hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistimöguleiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án líns, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsin og leiktæki eru fyrir börn á útisvæði. Sólstofa er við annað húsið. Stutt er í Hveragerði þar sem eru verslanir, ýmis þjónusta og afþreying.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

Okkar álit: Góður orlofskostur í grónu sumarhúshverfi. Margir möguleikar í ferðum um Suður- og Suðvesturland.



ATHUGIÐ!

Á skrifstofu félagsins er hægt að

- kaupa niðurgreidda gisti miða á Hótel Eddu, verð miða er kr. 5.200. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn. Gistimiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 13 hringinn í kring um landið.
- fá eyðublað með staðfestingu á því að viðkomandi sé félagsmaður og að hann eig rétt á að fá 25% afslátt af listaverði á 10 Fosshótel um landallt og 10% afslátt á tvö gistiheimili í Reykjavík.

Félagsmenn eiga rétt á að fá 10% afslátt af gistingu í Bolungarvík. Um er að ræða gistingu hjá sama aðila og leigði félaginu orlofsíbúð í þorpinu síðasta sumar.



Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins, í síma 462 1635 og á www.fvsa.is

Samfélagsstyrkir

Félagið er styrktaraðili að verkefninu Hreyfing og útivist sem KA menn höfðu frumkvæði að og margir styrkja t.d. stéttarfélög, en Samherji er aðalstyrktaraðili verkefnisins..

Þetta er frábært framtak, ókeypis heilsurækt bæði innan dyra og utan, afþreying og námskeið auk vikulegra hádegisverðarfundu, ekki aðeins fyrir atvinnulausa heldur alla sem geta nýtt sér það sem í boði er, sem er mjög fjölbreytt, nú þegar mæta um 250 manns vikulega. Nú í mars er t.d. í boði að fara á skíði í Hlíðarfjalli á miðvikudögum milli kl. 13-15, það eina sem þarf að gera er að ná í frímiða í KA-heimilinu á milli kl. 9-13 á miðvikudögum.

Styrkir á árinu 2008

Félagssjóður styrkti starf mæðrastyrksnefndar um kr. 300.000, styrktarlínur til ýmissa félagsamtaka voru rúmlega kr. 137.000 auk árlegra framlaga til Háskólans á Akureyri og Neytendasamtakanna.

Upplýsingar um sjúkrasjóð FSVA

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80% launa í 6 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: Greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði
- Dánarbætur vegna greiddandi félagsmanna kr. 300.000
- Dánarbætur vegna lífeyrisþega kr. 200.000

Styrkir

- **Krabbameinsleit:** Upphæð Leitarstöðvar greidd að fullu.
- **Sjúkraþjálfun:** Greiddur að fullu hlutur félagsmanns
- **HL-stöð endurhæfing:** Greidd 70% af reikningi
- **Gigtarleikfimi:** Greidd 70% af reikningi
- **Líkamsrækt:** Greidd 35% af reikningi
 - hámark kr. 15.000 á ári
- **Sálfræðiþjónusta:** Greidd 35% af reikningi
 - hámark kr. 20.000 á ári
- **Nudd utan TR:** Greidd 35% af reikningi
 - hámark kr. 20.000
- **Lyfjakostnaður:** Greidd 50% umfram 20.000
 - hámark kr. 15.000 á ári
- **Gleraugu (glerin):** Greidd 35% af reikningi
 - hámark kr. 15.000*
- **Glasa-/tækniþjónungun:** Greidd 50% af meðferðarkostnaði, hámark 52.500*
- **Laser-augnaðgerðir:** Greidd 35% af aðgerðarkostnaði,
 - hámark 50.000*
- **Heilsustofnun NLFÍ:** Greidd 50% af dvalarkostnaði*
 - * Veittir á þriggja ára fresti.

Hámarksupphæð styrkja til félagsmanns úr sjúkrasjóði er kr. 70.000 á ári.

Aðrir sérstakir styrkir til félagsmanna

Stjórn Sjúkrasjóðs FSVA er heimilt að meta þörf og aðstæður félagsmanna í sjúkra- og örorkutilvikum og getur í slíkum tilvikum samþykkt styrkveitingar.

Heildargreiðslur úr sjúkrasjóði

Á árinu 2008 voru greiddir út 1.417 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um kr. 42,5 milljónir króna, en það er hækkun um kr. 4,3 milljónir milli ára.

Eins og áður er tæplega helmingur upphæðarinnar sjúkradagpeningar. Um 9,9 milljónir eru vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, 5,3 milljónir vegna heilsuræktar, 2,9 milljónir fóru í dánarbætur, 1,9 milljónir króna í styrki vegna gleraugna og laser-aðgerða. 750 þúsund krónur voru greiddar út vegna krabbameinsleitar og HL-stöðvar og niðurgreiðsla lyfjakostnaðar var 500 þúsund krónur.



Miðar í Hvalfjarðargöng

Á skrifstofu félagsins er hægt að kaupa miða í Hvalfjarðargöng á kr. 500. Stök ferð fyrir venju-legan fjölskyldubíl í flokki I kostar kr. 800 og því er sparnaður töluverður ef miðar eru keyptir á skrifstofu félagsins. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og tilbaka um göngin, spara kr. 600.

Athugið! Ekki er hægt að greiða með korti.

Afsláttur af kortum í líkamsrækt

Samkomulag er í gangi við þrjár líkamsræktarstöðvar á Akureyri um afslátt af árskortum.

Verð á árskortum til félagsmanna, áður en félagið niðurgreiðir þau:

Átak, árskort á kr. 54.300

Þjarg, árskort á kr. 55.500 og 6 mánaða kort á kr. 38.200

Vaxtaræktin gefur 10% af öllum kortum

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda, t.d. með tölvupósti eða símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, það alvarlega að það leiði til sjúkráhusvistar (í einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í þrjá sólarhringa innanlands eða sex sólarhringa innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sananlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem launþegi óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.



Erla ásamt tveimur starfsstúlkum FVSA, Guðrúnu og Kristínu. Fyrir aftan sitja Elisabet Hallgrímsdóttir og Hildur Tryggvadóttir, en þær eru báðar í varastjórn félagsins.

Heiðursfélaginn Erla Halls

Félagið er sterkt og með bjarta framtíð

Á síðasta aðalfundi var Erla Hallsgerð að heiðursféлага FVSA. Hún lét af störfum fyrir félagið síðastliðið haust, en hefur komið til vinnu af og til undanfarið vegna forfalla annarra starfsmanna svo og vegna álags á skrifstofunni.

Erla gekk í félagið 30. desember árið 1955 og hóf störf á skrifstofu þess sumarið 1984. „Ég þakka fyrir þennan mjög svo óverðskuldaða heiður sem mér er sýndur, en eins og við vitum öll þá er félagið okkar fólkið sem að því stendur. Ég vil því þakka þeim fjölmörgu sem ég hef haft samskipti við síðan ég sem unglíngur kom að félagsstarfi hér. Almenni félagsmaðurinn vegur þungt í starfinu. Jafnframt þakka ég öllu því frábæra fólki sem ég hef borið gæfu til að starfa með í áraradír; félagsmenn, formaður, stjórn og, starfsstúlkur kærar þakkir fyrir samstarfið og megi ykkur vegna vel um alla framtíð,“ var það fyrsta sem Erla sagði eftir að hún var sæmd nafnbótinni heiðursfélagi FVSA.

Margs að minnst

„Þegar ég lít til baka þá er nú margs að minnst, ég hef t.d. setið mörg

þing og fundi sem var bæði fræðandi og skemmtilegt. Svo var það þegar fyrsta tölvan kom til okkar 1988 en fram að þeim tíma handfærði ég allt bókhald félagsins. Það var gríðarlegur munur að geta sett bókhaldið og félagatalið beint inn í tölvu. Þetta var mikil vinna í byrjun, ég man að ég sat helgi eftir helgi og setti inn félagatalið, bókhaldslykla og slíkt í tölvuna. Ég ætla nú samt ekki að bera saman vinnubrögðin í dag miðað við þessa tíma.“

Erla segir að það hafi verið meiri nánd við félagsmenn en í dag „og kannski eðlilega því nú er svo mikið um tölvusamskipti og símtöl. „Fólk kom mjög mikið og þá voru líka miklu færri félagsmenn en félagið hefur vaxið ört. Það var mjög mikil nánd og líka öðruvísi þegar skrifstofan var í Brekkugötunni. Skrifstofan var meira eins og lítið heimili, enda var þetta gömul íbúð. Auðvitað er mikið leitað til okkar í dag, sérstaklega eftir hremmingarnar sem urðu sl. haust. Nú eru fleiri og öðruvísi vandamál í gangi.

Björt framtíð

„Það hafa farið fram umræður við

önnur stéttarfélög um sameiningar og ýmiss konar samvinnu á undanförunum árum en í mínum huga á félagið að starfa áfram í þeirri mynd sem það er núna því það hefur alla burði til þess því ég tel það vera sterkt með bjarta framtíð og ég tel einnig að það sé ekki vilji félagsmanna. Ég er búin að vera í félaginu frá því ég var 17 ára og hef miklar taugar til þess. Sameining er ekki kostur að mínu mati, en samvinna að vissu marki er af því góða.“

Góðir samstarfsmenn

„Ég hef unnið með mörgu öndvegis fólki. Stjórnendur hafa alltaf haft hag félagsins í öndvegi og verið jákvæðir á hluti ef eitthvað bjátar á hjá félagsmönnum, enda er félagið fólkið sem að því stendur. Því virkari sem félagsmenn eru því sterkara er félagið og því hvet ég alla til þátttöku í félagsstarfinu, t.d. með því að sækja fundi og endilega að láta í sér heyra. Ég vil að lokum árna þessu félagi alls hins besta og segja takk fyrir mig, þetta er búinn að vera skemmtilegur tími,“ segir Erla að lokum.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?



Sumarferð FVSA 2008

Helgina 16. og 17. ágúst 2008 fóru hátt í 50 FVSA félagar í skemmtiferð austur á land, nánar tiltekið til Egilsstaða með viðkomu í Möðrudal. Fyrri daginn var einnig ekið til Reyðarfjarðar þar sem ferðalangar fengu kynningu á álverinu. Það var bæði gaman og fróðlegt að koma þangað. Að þeirri heimsókn lokinni var aftur haldið upp á Hérað. Gist var í Svartaskógi þar sem aðbúnaður var allur hinn besti.

Síðari daginn var farið til Vopnafjarðar, Þórshafnar og safnið á Saudanesi var skoðað. Á Rauðarhöfn fengu ferðalangar kynningu á heimskautagerðinu og var gaman að hlusta á vertinn á Hótel Norðurljós á Rauðarhöfn, þar er bjartsýnismaður á ferð. Að lokum var haldið heim með viðkomu á Húsavík.

Leiðsögn í ferðinni annaðist Ingólfur Ármannsson



Ferðalangar í heimsókn í álverinu á Reyðarfirði.

ásamt konu sinni Hrefnu Hjálmarsdóttur. Þau hafa oft áður verið leiðsögumenn í ferðum félagsins og eru algjörlega ómissandi. Bílstjóri í ferðinni var Bjarki Kristinsson og bíllinn frá SBA. Starfsfólk FVSA þakkar öllum ferðafélögum ánægjulegar stundir.

Þið munið hann Jörund

Fjölmarginir félagsmenn/lífeyrisþegar FVSA þáðu boð félagsins um leikhúsferð í Freyvang. 103 félagar fóru og sáu sýninguna „Þið munið hann Jörund,“ sýningu sem hlaut mjög góðar viðtökur, bæði gagnrýnenda og áhorfenda. Fyrir sýninguna fór hópurinn í kaffihlaðborð á veitingastaðnum Strikinu sem er á efstu hæð Alþýðuhússins.

VARÚÐ!

Þar sem heitur pottur er við orlofsnús er aldrei of varlega farið. Því minnum við á þá góðu reglu að láta börnin aldrei vera án umsjónar í eða við heita pottinn og setja lokið yfir hann þegar hann er ekki í notkun. Þó stöðugt sé leitast við að hafa blöndunartæki í lagi og búnað pottanna sem öruggastan geta alltaf komið upp þau tilvik að eitthvað gefi sig fyrirvara-laust og því er alltaf góð regla að prófa hitastig vatnsins með hendinni áður en stokkið er út í.

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríið verði áfallalaust og allir komi kátir heim!

Starfsendurhæfingarsjóður

Undanfarna þrjú mánuði hefur Starfsendurhæfingarsjóður staðið fyrir tilraunaverkefni í samvinnu við sjúkrasjóði þriggja stéttarféлага. Elsa Sigmundsdóttir er ráðgjafi sjóðsins í Eyjafirði og hefur aðstoðu á annarri hæð Alþýðuhússins á Akureyri. „Tilraunaverkefnið gekk mjög vel og nú er búið að ganga frá áframhaldandi samningi um verkefnið,“ segir Elsa er

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stjórn FVSA hvetur félagsmenn sína til að kjósa trúnaðarmann á vinnustaðnum ef þar er ekki starfandi trúnaðarmaður. Vinnustaðir þar sem starfa fimm eða fleiri eiga rétt á að hafa trúnaðarmann.

„Trúnaðarmaður er í raun tenging við félagið og okkur í félaginu finnst það mjög mikils virði að á hverjum vinnustað sé einstaklingur sem sinnir þessu starfi,“ segir Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins. Hún hvetur líka félagsmenn til að vera í sambandi við félagið og koma við á skrifstofunni. „Ef við vitum ekki af vanda-málunum þá höldum við að engin slík séu til staðar. Hlutverk okkar er að þjónusta félagsmennina og því eiga þeir að leita til okkar með vandamál sín.“

hún var spurð út í starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs og bætir við að markmið sjóðsins sé að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Meginhlutverk sjóðsins er að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem hafa skerta starfsgetu til skemmri eða lengri tíma. T.d. með því að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага, að aðstoða einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda. Að greiða kostnað af ráðgjöf ýmissa fagaðila um mótun sérstakrar einstaklingsbundinnar endurhæfingaráætlunar. Einnig að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu með áherslu á aukna vinnugetu, til viðbótar því sem þegar er greitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins, www.virk.is. Netfangið hjá Elsu er elsa@ein.is.



Elsa Sigmundsdóttir.